



Til sambandsaðila ÍSí

Reykjavík, 22. október 2024

Efni: Formannafundur ÍSí 2024 – fyrra fundarboð

Ágætu félagar!

Hér með er boðað til Formannafundar ÍSí **föstudaginn 22. nóvember nk. kl. 15:30**. Fundurinn verður haldinn á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um nánari staðsetningu verða sendar út á næstu dögum.

Í ljósi þess að Alþingiskosningar verða viku eftir Formannafundinn þá er stefnt að því að nýta tímann frá kl. 13:30 – 15:00 þennan sama dag í samtal við fulltrúa stjórnmalaflokkanna. Sú dagskrá er í smíðum og verður kynnt með síðara fundarboði. Við hvetjum sambandsaðila til að taka þennan tíma einnig frá, ef þess er kostur.

Vakin er athygli á því að samkvæmt lögum ÍSí þá eru framkvæmdastjórar sambandsaðila, þar sem þeir eru til staðar, einnig boðaðir til Formannafundar ÍSí. Í forföllum formanna sambandsaðila ÍSí taka varaformenn sæti í þeirra stað, að öðrum kosti stjórnarmaður, samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar.

Sjá nánar um Formannafund ÍSí í 15. grein laga ÍSí: Ferðakostnaður fundarmanna á Formannafund ÍSí greiðist af ÍSí.

Síðara fundarboð, sem inniheldur dagskrá fundarins og nánari upplýsingar, verður sent út a.m.k. tveimur vikum fyrir fundinn.

Að fundi loknum þá verður kvöldverður í boði ÍSí. Við vonumst til að sem flestir fulltrúar á fundinum sjái sér þess fært að þiggja það boð.

Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Lárus L. Blöndal  
forseti

Andri Stefánsson  
framkvæmdastjóri